

REGLUGERÐ**um gangstéttargjöld í Hafnarfirði.****1. gr.**

Þar sem bæjarstjórnin lætur leggja steinlímdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir, skulu þær greiddar að $\frac{2}{3}$ úr bæjarsjóði, en að $\frac{1}{3}$ af þeim, sem lóðarrétt hafa að götunni.

Kostnaði þeim, sem lóðarhöfum ber að greiða, skal jafnað niður fyrir hverja götu eða þann hluta götunnar, sem gangstétt hefur verið lögð í, eftir lengd lóðarinnar meðfram götu.

Þar sem einungis er gert ráð fyrir gangstétt öðrum megin götu, má skipta kostnaðinum milli lóðarhafa beggja megin götunnar.

2. gr.

Fyrir öllum kröfum, sem bæjarstjórnin öðlast á hendur húseigendum og lóðar-eigendum samkvæmt reglugerð þessari, hefur bæjarsjóður lögveð í húsinu eða lóð-inni, og gengur sá veðréttur fyrir öllum veðskuldum samkvæmt samningi næstu 2 ár eftir gjalddaga.

3. gr.

Lögtaksréttur fylgir öllum kröfum samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 18 18. maí 1920, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júlí 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING**um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum.****1. gr.**

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins greiðast þannig á ári:

1. Eftir vatnsmagni kr. 13 550 sekl. Sé vatnið notað eingöngu til búreksturs, skal ekki frekara gjalds krafizt.
2. Fasteignagjöld:
 - a. Af íbúðarhúsum kr. 14.00 pr. m³ á ári.
 - b. Af iðnaðar- og verkstæðishúsum kr. 10.00 pr. m³ á ári.
3. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 4 000.00 fyrir hvern notanda.
4. Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.
5. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en framan greinir, ákveður stjórnarnefnd Laugaráshéraðs hverju sinni.

6. Full hitaveitugjöld skal greiða frá þeim tíma að umsókn hefur komið fram um aðild að hitaveitunni og umsækjandi á kost á tengingu heimæðar frá stofnað eða síðustu greiningu dreifiæðar.

2. gr.

Stofngjöld skulu vera sem hér segir:

1. Af hverjum dældum sekl. kr. 10 000.00.
2. Af íbúðarhúsum kr. 10.00 pr. m³.
3. Af iðnaðar- og verkstæðishúsum kr. 7.00 pr. m³.
4. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 4 000.00.
5. Stofngjöld greiðast þegar umsækjandi á kost á tengingu heimæðar sbr. 3. gr.
6. málsliðs.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er af stjórnarnefnd Laugaráshéraðs staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. jan. 1953 um hitaveitur utan Reykjavíkur til að öðlast gildi frá 1. janúar 1968, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júlí 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð nr. 127 25. apríl 1966, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 42 11. marz 1964.

1. gr.

Gjöld til hafnarinnar samkvæmt 23. gr., 25. gr., 26. gr. og 32. gr. reglugerðarinnar hækki um 20% frá því er greinir í fyrstnefndri reglugerð nr. 127/1966.

2. gr.

2. málsgrein a- liðs 25. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:
Undanþegin bryggjugjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip og skemmtiferðaskip.

3. gr.

43. grein reglugerðarinnar orðist þannig:
Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggji við, samkvæmt almennum lögum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. júlí 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.